

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 155/2014****2015/EES/5/03****frá 9. júlí 2014****um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/288/ESB frá 13. júní 2013 um breytingu á ákvörðun 2011/30/ESB um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyritæki í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyritækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum ⁽¹⁾.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 10fd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/30/ESB) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32013 D 0288**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/288/ESB frá 13. júní 2013 (Stjtíð. ESB L 163, 15.6.2013, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2013/288/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 163, 15.6.2013, bls. 26.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Yfirlýsing EFTA-ríkjanna

**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2014 frá 11. júlí 2014
um að fella framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/288/ESB inn í
EES-samninginn**

„Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/288/ESB frá 13. júní 2013 fjallar um jafngildi gagnvart þriðju löndum. Ákvörðun þessi er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins.“